

Námsstuðningur
Heildaráætlun Árbæjarskóla
2018-2019



Beiðnir um aðstoð/stuðning við nemendur

Þegar beiðni um aðstoð/stuðning við nemendur berst frá foreldrum eða nemendum til umsjónarkennara, ber hann þær undir deildarstjóra stoðþjónustu. Deildarstjóri stoðþjónustu fundar síðan með foreldrum og umsjónarkennara. Einnig er námsráðgjafi oft á þessum fundum sem og sálfræðingur á Þjónustumiðstöð Árbæjar-og Grafarholts.

Athuganir og skimanir

Foreldrar sem óska eftir athugun eða skimun á vegum Þjónustumiðstöðvar Árbæjar-og Grafarholts fylla út sérstakt eyðublað sem ber heitið *Tilvísun á sérfræðiþjónustu skóla*. Tilvísunin er síðan tekin fyrir á fundi hjá Nemendaverndarráði sem ákveður hvort hún verði samþykkt eða henni hafnað. Ef henni er hafnað hefur sálfræðingur samband við foreldra og gefur þeim góð ráð. Ef Tilvísunin er samþykkt, er haldinn fundur með foreldrum, umsjónarkennurum, deildarstjóra stoðþjónustu og sálfræðingi þjónustumiðstöðvar. Eftir það ákveður sálfræðingur hvort nemandi fari í nánari greiningu eða í styttri skimun. Niðurstöður greiningar og skimunar eru síðan kynntar af sálfræðingi á fundi með foreldrum, umsjónarkennara og deildarstjóra stoðþjónustu.

Logos lesgreiningarpróf er framkvæmt af sérkennara. Verkferlið fer þannig fram að foreldrar leita til umsjónarkennara og kemur hann málinu til deildarstjóra stoðþjónustu. Einnig ræðir umsjónarkennari við deildarstjóra stoðþjónustu hafi hann áhyggjur af ákveðnum nemanda. Áður en nemandi tekur prófið hefur deildarstjóri samband við foreldra og lætur þá vita hvenær próftakan fer fram. Haldinn er síðan fundur með sérkennara, foreldrum, umsjónarkennara/íslenskukennara og deildarstjóra stoðþjónustu þar sem farið er yfir niðurstöður prófsins. Allir kennarar nemandans fá síðan upplýsingar um niðurstöðurnar.

Milli mála prófið er lagt fyrir nemendur sem eru með annað móðurmál en íslensku og hafa verið lengur en tvö ár á Íslandi. Niðurstöður eru kynntar foreldrum sem og umsjónar- og íslenskukennurum.

Tove Krogh þroskapróf er lagt fyrir nemendur í 1. bekk

Talnalykill er lagður fyrir nemendur í 3. bekk.

Læsispróf eru lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk.

Lesfimiþróf eru lögð fyrir nemendur í 2. – 10. bekk.

Kannanir eru síðan lagðar fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir eftir getu hvers og eins.

Lausnar-teymi

Lausnar-teymi eru starfandi ef þurfa þykir, vegna fatlaðra nemenda og nemenda með sérþarfir og er ábyrgðarmaður hvers teymis ýmist deildarstjóri stoðþjónustu, aðstoðarskólastjóri eða skólastjóri. Einnig sitja í teymunum foreldrar, umsjónarkennari og sérfræðingur frá þjónustumiðstöð hverfisins og fleiri aðilar ef þurfa þykir eins og fulltrúar frá Barnavernd, unglingsráðgjafi og félagsráðgjafi. Námsráðgjafi á sæti í sumum teymanna.

Sérfræðingar þjónustumiðstöðvarinnar veita margháttða ráðgjöf og þjónustu við skólann sem felst í sálfræðilegum athugunum og ráðgjöf, sérkennslu- og kennsluráðgjöf, unglings- og félagsráðgjöf. Fulltrúi þjónustumiðstöðvarinnar situr í Nemendaverndarráði skólans.

Markmið lausnar-teymis er að tryggja að stöðugt sé unnið að því að nemendur fái þá bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni.

Verkefni/ábyrgð deildarstjóra/umsjónarmanns stoðþjónustu

Yfirumsjón stoðþjónustu í Árbæjarskóla er í höndum deildarstjóra stoðþjónustu. Hann skilgreinir í samráði við Nemendaverndarráð, skólastjórn, kennara, sérfræðiþjónustu skóla, foreldra og viðkomandi nemendur þá sérkennslu og sértæku þjónustu sem nemendum stendur til boða í Árbæjarskóla.

Deildarstjóri stoðþjónustu kallar eftir greiningum vegna nemenda og heldur utan um þær ásamt því að upplýsa umsjónarkennara um fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir og fylgist með því að þeir fái þá þjónustu sem nauðsynleg er hverju sinni. Deildarstjóri er einnig almennum kennurum skólans til faglegs ráðuneytis varðandi skipulag kennslu nemenda með sértækar þarfir.

Deildarstjóri stoðþjónustu er í forystu um gerð einstaklingsnámskráa og einstaklingsáætlana, og er ráðgefandi aðili við gerð þeirra. Hann sinnir fundarsetu og fundarboðun, ef þess er þörf, vegna nemenda með sértækar þarfir. Deildarstjóri stoðþjónustu heldur einnig utan um og situr í teymum vegna nemenda og boðar til teymisfunda.

Deildarstjóri stoðþjónustu hefur umsjón með rekstri náms- og atferlismótunarvers skólans.

Verkefni/ábyrgð umsjónarkennara gagnvart fötluðum nemendum sínum og nemendum með sérþarfir

Í skólastarfinu er umsjónarkennarinn lykilpersóna. Hann er sá aðili sem veitir fötluðum nemendum og nemendum með sértækar þarfir í hans umsjón þann stuðning og aðhald sem þurfa þykir. Hann hugar að andlegri og líkamlegri velferð nemenda sinna í samvinnu við foreldra. Hann sér um samskipti við foreldra og situr fundi sem haldnir eru vegna nemenda hans. Umsjónarkennari hefur heildarsýn yfir nám og skólaveru sinna nemenda og ber ábyrgð á, ásamt deildarstjóra stoðþjónustu, að allir nemendur hans sem á þurfa að halda séu með einstaklingsnámskrá. Hann ber ábyrgð á að upplýsa aðra starfsmenn sem vinna með nemandann um þarfir hans og námsstöðu. Umsjónarkennari fundar með foreldrum nemenda og kemur beiðni um sérstakan stuðning áfram til deildarstjóra stoðþjónustu.

Verkefni/ábyrgð sérkennara, proskapjálfa og annarra fagaðila sem kunna að starfa í skólanum.

Sérkennarar koma að skipulagi sérkennslu í skólanum í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu, auk þess sem þeir koma að gerð einstaklingsnámskráa og áætlana fyrir nemendur sem á þurfa að halda. Sérkennarar starfa náið með umsjónarkennurum.

Proskapjálfi og ráðgjafi við sérkennslu starfa einnig við skólann og vinna þeir með nemendum með fötlunargreiningu. Koma þeir að skipulagningu náms sem og gerð einstaklingsnámskráa og áætlana fyrir sína skjólstæðinga.

Verkefni/ábyrgð annars starfsfólks varðandi nemendur með sérþarfir

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Starfið tekur mið af þar til gerðri áætlun sem hefur það að markmiði að draga smám saman úr þörf nemenda á stuðningi í þeim tilvikum þar sem það er hægt. Stuðningsfulltrúi starfar innan árganga og sérúrræða.

Skólaliðar koma einnig að starfi með nemendum á mismunandi svæðum í samstarfi við kennara og stjórnendur.

Einstaklingsnámskrár

Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir nemendur með fötlun og nemendur með sértækar þarfir sem ekki fylgja áætlun viðkomandi árgangs. Einstaklingsnámskrárgerð er í höndum viðkomandi umsjónarkennara, fagkennara og/eða sérkennara. Ábyrgð á gerð hennar er í höndum deildarstjóra stoðþjónustu. Einstaklingsnámskrá er gerð á haustönn og á vorönn. Einstaklingsnámskrá tekur til námslegra og/eða félagslegra þátta en þar koma fram upplýsingar um námsþætti, kennsluefni, námsmat, skammtíma- og langtímamarkmið, styrkleika, áhugamál, námsaðlögun, félagsfærni og samskipti. Áður en einstaklingsnámskrá er gerð fer nemandinn í stöðumat og er reynt ef mögulegt er að hafa svipaða þætti inni og eru í námsáætlun árgangsins, bara á einfaldari hátt.

Einstaklingsnámskrá er kynnt foreldrum á fundi með umsjónarkennara/fagkennara og deildarstjóra stoðþjónustu og þeir samþykkja hana með undirskrift sinni.

Út frá einstaklingsnámskrá er útbúin einstaklingsáætlun sem er endurskoðuð reglulega um leið og lagt er mat á stöðu hvers og eins.

Aðlögun náms- og félagslegra aðstæðna í almennu skólastarfi að þörfum fatlaðra nemenda og nemenda með sérþarfir

Ef fatlaður nemandi eða nemandi með sértækar þarfir, getur ekki fylgt námsáætlun árgangsins, er gerð fyrir hann einstaklingsnámskrá, sem tekur á námslegum og félagslegum þáttum.

Komið er til móts við nemandann á einstaklingsgrundvelli á eftirfarandi hátt:

- einstaklingsnámskrár og einstaklingsáætlanir
- kennsla við hæfi einstaklings- eða hópamiðuð
- aðstoð í náms – og / eða atferlismótunarverri
- einstaklingsviðtöl og/eða námskeið í litlum hópi hjá námsráðgjafa
- þjónusta stuðningsfulltrúa
- sjónrænt skipulag
- félagsfærnisögur
- TEACCH- aðferð
- ART námskeið
- Cat-kassinn
- húsgögn og tæki við hæfi líkamlegra fatlaðra
- ráðgjöf og handleiðsla skólaþjónustu þjónustumiðstöðvar hverfisins
- ráðgjöf og handleiðsla sérskóla, Klettaskóli – Brúarskóli

Aðlögun námsefnis

Áhersla er lögð á að allir nemendur séu með námsefni við hæfi. Nemandi sem ekki getur fylgt námsáætlun síns árgangs fær aðlagað námsefni að sinni getu. Fagaðili gerir aðlagað námsefni/einstaklingsnámskrá í samráði við umsjónarkennara og deildarstjóra stoðþjónustu. Bráðgerir nemendur fá einnig aðlagað námsefni.

Aðlögun leiða í námi

Umsjónarkennari og/eða fagaðili ásamt deildarstjóra stoðþjónustu ákveða í sameiningu hvaða aðlögun í námi hentar hverjum nemanda með fötlun og nemendum með sértækar þarfir. Skólinn útvegar þau hjálpartæki sem þarf hverju sinni eins og t.d. hátalarakerfi í kennslustofu fyrir heyrnarskerta nemendur, tölvutæki fyrir þá sem eiga erfitt með að skrifa, húsgögn osfrv.

Námsstuðningur inn í bekki

Ráðgjafi við sérkennslu, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúi sinna námsstuðningi inni í bekk hjá nemendum með fatlanir og nemendum með sértækar þarfir. Áhersla er lögð á að nemendur geti sem mest stundað nám sitt með sínum hópi með þeirri aðstoð sem þeir þurfa á að halda. Ábyrgð á námsstuðningi inni í bekk ber deildarstjóra stoðþjónustu ásamt umsjónarkennara. Umsjónarkennari, þroskaþjálfari, ráðgjafi við sérkennslu og stuðningsfulltrúi funda eftir þörfum um skipulag og framkvæmd aðstoðar sem viðkomandi nemandi þarf. Umfang stuðnings fer eftir þörfum nemandans hverju sinni.

Stuðningur til virkni og þátttöku í samvinnu og hópastarfi

Umsjónarkennarar kynna nemendum sínum það félagsstarf sem skólinn og félagsmiðstöðin Tíana bjóða upp á og hvetja þá til þátttöku.

Námsráðgjafar í samvinnu við umsjónarkennara, mynda litla hópa nemenda í 5.-10. bekk, sem fylgt er út í félagsmiðstöðina Tíuna, þar sem starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er kynnt sérstaklega fyrir þeim. Markmiðið með heimsókninni er að hvetja og efla nemendur til þátttöku í starfseminni sem þar fer fram til að efla þá félagslega. Námsráðgjafar halda einnig námskeið fyrir mismunandi hópa nemenda eins og ART námskeið, námskeið í námstækni, sjálfstyrkingu og um prófkvíða.

Námsráðgjafar nota Cat-kassann sem hjálpartæki til að kanna líðan nemenda og vinna með þeim út frá niðurstöðum sem þar fást. Þá eru tengslakannanir reglulega unnar innan árganga til að styðja við nemendur á margvíslegan hátt.

Atvinnutengt nám er í boði fyrir þá nemendur sem Nemendaverndarráð telur að á því þurfi að halda og er það skipulagt í samvinnu við foreldra og nemendur.

Félagslegur stuðningur

Námsráðgjafar veita nemendum persónulegan og félagslegan stuðning í námi þeirra ásamt því að veita foreldrum ráðgjöf. Eins og áður er nefnt mynda námsráðgjafar litla hópa nemenda í 5.-10. bekk í samvinnu við umsjónarkennara, sem fylgt er út í félagsmiðstöðina Tíuna þar sem starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er kynnt. Markmiðið með heimsókninni er að hvetja og efla nemendur til þátttöku í starfseminni sem þar fer fram til að efla þá félagslega. Þeir eru einnig ráðgefandi og til aðstoðar í eineltis- og forvarnarmálum. Námsráðgjafar gera tengslakannanir í árgöngum eftir þörfum og eru umsjónarkennurum og fagkennurum til ráðgjafar. Námsráðgjafar funda með foreldrum, kennurum, sérkennurum og deildarstjóra stoðþjónustu um hvernig best er að styðja við nemendur námslega og félagslega.

Þá er við skólann starfandi frístundaleiðbeinandi og ráðgjafi við sérkennslu sem hafa meðal annars það hlutverk að styðja við nemendur í öllum árgöngum skólans hvað varðar félagslega færni og sjálfstyrkingu.

Stuðningur við athafnir daglegs lífs og umönnun í skólanum

Stuðningsfulltrúi, í samstarfi við umsjónarkennara og deildarstjóra stoðþjónustu, styður við athafnir daglegs lífs og umönnun fatlaðra nemenda og nemenda með sértækar þarfir. Stuðningurinn er einstaklings- og hópamiðaður.

Námsver og önnur skipulögð úrræði í skólanum

Námsver og atferlismótunarver eru starfrækt í skólanum og þjóna öllum árgöngum. Þar starfa kennarar og sérhæfður stuðningsfulltrúi. Tilgangurinn með þessum námsúrræðum er að auka gæði náms þeirra nemenda sem eiga við fötlun og/eða sértæka náms – eða atferliserfiðleika að stríða. Þar er einnig bráðgerum nemendum sinnt. Starfið einkennist af fjölbreyttum kennsluháttum þar sem áhersla er á samkennslu, þemavinnu og samvinnu nemenda. Lögð er áhersla á að styrkja sjálfstæð vinnubrögð nemenda og félagslega færni. Unnið er sérstaklega í atferlismótunarverinu með atferlismótun, þar sem nemendum er hjálpað við að breyta hegðun sinni, efla sjálfstjórn og félagsfærni. Þá er skólinn, í samstarfi við fleiri skóla, rekstraraðili að Skólaselinu í Hraunbergi.

Markmið ofangreindra úrræða er:

- að bæta líðan nemenda í skólastarfinu
- að styrkja sjálfsmýnd og félagslega færni nemenda
- að bæta mælanlegan námsárangur nemenda og auka skilning þeirra á nauðsyn góðrar grunnmenntunar
- að auka færni nemenda í samvinnunámi og sjálfstæðum vinnubrögðum
- að auka metnað, áhuga og ábyrgð nemenda á námi sínu
- að hjálpa nemendum að hafa stjórn á eigin hegðun
- að stuðla að góðri skólasókn nemenda

Hver kennari í námsveri ber ábyrgð á tilteknum nemendum og er í forystu um einstaklingsnámskrárgerð og einstaklingsáætlanir fyrir viðkomandi einstakling. Hann er í nánu samstarfi við umsjónarkennara, faggreinakennara og deildarstjóra stoðþjónustu.

Ráðgjöf

Árbæjarskóli á mikið og gott samstarf við Þjónustumiðstöð Árbæjar- og Grafarholts. Markmið samstarfsins er að veita markvissa og heildræna þjónustu á þverfaglegum grunni til að mæta sérþörfum barna og fjölskyldna þeirra. Sérfræðingar þjónustumiðstöðvarinnar veita margháttaða ráðgjöf og þjónustu við skólann sem felst í sálfræðilegum athugunum og ráðgjöf, sérkennslu- og kennsluráðgjöf, unglinga- og félagsráðgjöf. Fulltrúi þjónustumiðstöðvarinnar situr í Nemendaverndarráði skólans.

Leitað er einnig ráðgjafar hjá ýmsum aðilum m.a. Greiningarstöð ríkisins, Brúarskóla, Klettaskóla, einhverfudeildum og öðrum þeim utanaðkomandi aðilum sem þurfa þykir hverju sinni.

Teymi og samstarf

Teymi eru starfandi ef þurfa þykir, vegna fatlaðra nemenda og nemenda með sérþarfir og er ábyrgðarmaður hvers teymis deildarstjóri stoðþjónustu. Einnig sitja í teymunum foreldrar, umsjónarkennari og sérfræðingur frá þjónustumiðstöð hverfisins. Námsráðgjafi á sæti í sumum teymanna. Markmið með teymisfundum er að tryggja að gott upplýsingastreymi sé á milli heimilis og skóla og unnið sé stöðugt að því að nemendur fái þá bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni.

Sérhæfð þjónusta við fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir

Þurfi fatlaður nemandi eða nemandi með sértækar þarfir á sérstökum búnaði að halda leitast skólinn við verða við þeim þörfum í samráði við foreldra og nemanda.